

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2009

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Stefán Ásmundsson af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi var Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti en enginn styrkur var veittur í ár.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 28. júní – 17. júlí. Hafréttarstofnun veitti þremur Íslendingum, Árni Múla Jónassyni, Ásdísi Elvu Rögnvaldsdóttur og Ævari Rafni Björnssyni, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin sex einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnunin við Virginíuháskóla og Hafréttarstofnun Íslands, með stuðningi nokkurra annarra stofnana, efndu til fjölsóttar alþjóðaráðstefnu um Changes in the Arctic Environment and the Law of the Sea í Seward, Alaska, 20.-23. maí. Forstöðumaður stýrði pallborði um landgrunnið og flutti athugasemdir í lok þess. Í samstarfi við H.Í. og H.A. styrkti Hafréttarstofnun þátttöku eins laganema frá hvorum skóla, sem náð höfðu bestum námsárangri, í ráðstefnunni.

Forstöðumaður ritaði grein, “The Legal Regime of the Arctic Ocean”, sem birtist í Zeitschrift für ausländisches öffentliches Recht und Völkerrecht árið 2009 og New Chances and New Responsibilities in the Arctic Region árið eftir.

Á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.